

D ó m s o r ð :

Ákærði Ólafur Gunnar Grimsson sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði Óskar Lúðvik Grimsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu eru ævilangt sviptir leyfi til að stýra bifreið.

Ákærðu greiði A. B-dóttur kr. 10 265.00 in soldium innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1948.

Nr. 65/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn

Péttri Magnúsi Sigurðssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 16. janúar 1947 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík 3 endurrit réttarrannsóknar, er hann hafði haldið vegna ætlaðrar ófullnægjandi gerilsneyðingar á mjólk í Mjólkurstöðinni í Reykjavík, og lagði fyrir hann að halda áfram rannsókn málsins „og koma síðan fram ábyrgð gegn Péttri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni með réttarsátt eða dómi.“

Hinn 30. s. m. var kærði kvaddur fyrir lögregludóm Reykjavíkur. Voru honum þar sýnd skjöl málsins og tilkynnt, að rannsókn málsins væri lokið „og mál væri af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn honum fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni.“

Hvorki er í skipan dómsmálaráðuneytisins né í tilkynningu dómara um málshöfðun vitnað til tiltekinna og ákveð-

inna lagaákvæða, sem kærði sé saksóttur eftir. Þetta er slíkur megingalli á málsmeðferðinni, að ekki þykir verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma allan sakarkostnað á hendur rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. maí 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 27. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1561/1947: Valdstjórnin gegn Péttri Magnúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Péttri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, til heimilis á Laugavegi 162, fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hinn 14. júlí 1938 sætti hann 5 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901, og hinn 13. desember 1939 sömu refsingu fyrir sams konar brot. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Á undanförunum árum hefur megnið af þeirri mjólk, sem seld hefur verið í bænum, farið í gegn um Mjólkurstöðina hér, og hefur stöðinni, samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 22 15. marz 1935, borið skylda til að gerilsneyða alla sölumjólk. Kærði hefur á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið mjólkurbússtjóri í stöðinni, og hefur honum því borið að sjá um, að hin lögboðna gerilsneyðing færi fram.

Á sama tíma hefur Sigurður H. Pétursson gerlafræðingur verið

eftirlitsmaður af hálfu hins opinbera með því, að Mjólurstöðin fullnægði skyldum sínum um meðferð sölumjólkur. Samkvæmt skýrslum eftirlitsmannsins um rannsóknir hans á gerilsneyddri mjólk úr Mjólurstöðinni, kemur fram, að á tímabilinu 1. nóvember 1944 til 28. febrúar 1945 hafi 7 sýnishorn eigi verið nægilega hituð af 151 sýnishorni, sem tekið var. Á tímabilinu 1. nóvember 1945 til 28. febrúar 1946 hafi 2 sýnishorn af 349 eigi verið nægilega hituð og að af 170 sýnishornum í marz og apríl 1946 hafi 7 eigi verið nægilega hituð. Voru sum þessara sýnishorna tekin í Mjólurstöðinni, en sum í mjólkurbúðum. Að mjólkin var eigi nægilega hituð, merkir það, að gerilsneyðingarskyldunni hefur eigi verið fullnægt.

Kærði kveðst ekki vita betur, en að öll mjólk stöðvarinnar hafi verið nægilega hituð og gerilsneydd og hefur haldið því fram, að rannsóknaraðferð eftirlitsmannsins sé eigi svo örugg, að á henni sé byggjandi. Eftirlitsmaðurinn heldur því aftur á móti fram, að eigi leiki minnsti vafi á því samkvæmt rannsóknnum sínum, að þau sýnishorn, sem samkvæmt framansögðu voru eigi nægilega hituð, hafi í raun og veru verið þannig og að hann hafi eigi kært yfir þeim tilfellum, sem nokkrum vafa gátu verið bundin.

Borið hefur verið undir dr. Jón Vestdal efnafræðing gildi þeirrar rannsóknaraðferðar, er eftirlitsmaðurinn hefur notað, og er það álit hans, að sú aðferð sé örugg í þeim tilfellum, er hún sýnir greinilega úrlausn, eins og eftirlitsmaðurinn heldur fram að gerzt hafi í þeim tilfellum, sem hann hefur kært yfir.

Af kærða hálfu er aftur á móti lögð fram skýrsla Stefáns Jónssonar mjólkurfræðings, sem dregur í efa gildi rannsóknaraðferðar eftirlitsmannsins.

Án þess að fara út í hinar efnafræðilegu útlistanir, sem fram eru komnar í máli þessu, þykir eigi vafi á því leika, að skýrslur eftirlitsmannsins um misbrest á gerilsneyðingu í Mjólurstöðinni hafi við rök að styðjast.

Hins vegar er eigi ástæða til að ætla, að hér sé um ásetningsbrot kærða að ræða, heldur skort á nægilegu og stöðugu eftirliti með að gerilsneyðingin væri á fullnægjandi hátt af hendi leyst. Með þessu hefur kærði gerzt brotlegur við 28. gr. 1. mgr. sbr. 79. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 22 15. marz 1935, sbr. 15. gr. 1. mgr. laga nr. 1 7. janúar 1935. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Pétur Magnús Sigurðsson greiði kr. 1000.00 í sekt til verðjöfnunarsjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. apríl 1948.

Nr. 132/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Er ákærði blindaðist af sólskini, þar honum að stöðva bifreið sína þegar í stað. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann áfram nokkurn spöl án þess að geta fylgzt með umferðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið refsíákvæði þau, er í héraðsdómi greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristbjörn Borgþór Þórarinsson sæti varðhaldi 60 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,